

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Rafveitunefnd er heimilt að ákveða leigu fyrir mælitæki og fjarstýrirofa svo og að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannarafveiturnar.
2. Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.
3. Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. febrúar 1968, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breytingar gjalda samkv. 1—3 eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum og viðaukum, er talinn í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 192 1. september 1971.

Iðnaðarráðuneytið, 7. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. júní 1972.

Nr. 140.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykdælahreppi í Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykdælahrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

8. júní 1972.

Nr. 141.

AUGLÝSING

um skipulag í Ölfushreppi í Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipu-